

Kristjana Fenger
- útnefnd sem heiðursfélagi í Iðjuþjálfafélagi Íslands á aðalfundi 16. mars 2023

Kristjana Fenger er fædd 1951 í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð 1972. Kristjana útskrifaðist frá Iðjuþjálfaskólanum í Kaupmannahöfn 1977. Rúmum 20 árum síðar eða 1998 lauk hún svo meistaraprófi í iðjuþjálfun frá Florida International University ásamt hópi íslenskra iðjuþjálfra. Á næstu árum lauk Kristjana námskeiðum í ólíkum rannsóknaraðferðum við Háskóla Íslands. Kristjana hefur í tengslum við rannsóknarleyfi sótt námskeið við rannsóknarstofnunina MOHO Clearingshouse í Chicago en einnig dvalið í Edinborg á rannsóknarsetrinu Firefly þar sem fókus er á gagnreynt þverfaglegt starf og þjónustu iðjuþjálfra við ýmsa hópa notenda.

Að loknu námi í Kaupmannahöfn fluttist Kristjana heim til Íslands og hóf að starfa sem iðjuþjálfari á Reykjalundi. Á árunum 1982-1986 starfaði Kristjana á geðdeild Landspítala við Hringbraut og kom að mótun og uppbyggingu þjónustu iðjuþjálfra þar. Hún sneri aftur til starfa á Reykjalundi 1988 og vann þar næstu tíu árin, þar sem hún ásamt félögum sínum var með í að innleiða MOHO og kanadísku hugmyndafræðina í starf iðjuþjálfra. Óhætt er að segja að Kristjana og félagar brunnu fyrir verkefninu og settir voru á laggirnar stúdíóhópar sem lásu hugmyndafræðina og reyndu að koma hugtökunum yfir á íslenskt mál, þetta var allt svo nýtt, ný heimspekileg hugsun og önnur nálgun en hið hefðbundna læknisfræðilega líkan. Sannarlega straumhvörf í faginu á þessum tíma.

Kristjana starfaði sem lektor við iðjuþjálfunarfræðideild Háskólans á Akureyri frá 1998 - 2021. Hún tók þar þátt í þróun námsbrautarinnar í iðjuþjálfun auk framhaldsnáms um starfsendurhæfingu ásamt fleiri aðilum frá HA og HÍ.

Kristjana hefur lagt mikið af mörkum þegar kemur að þýðingu og staðfærslu matstækja innan iðjuþjálfunar og gefið út handbækur sem þeim tengjast. Hún hefur einnig birt fjölda rannsóknargreina og skrifað kafla í ritstýrðar bækur gegnum tíðina. Kristjana hefur einkum beint sjónum að starfshlutverki fólks og þeirri iðju sem því tengist auk starfsendurhæfingar almennt. Hún hefur verið ötul við að skrifa greinar og leggja til efni í Iðjuþjálfann, fagblaðið okkar. Er þar vert að minna á grein í síðasta tölublaði Iðjuþjálfans þar sem hún ásamt Guðrúnu Pálmadóttur rekur sögu iðjuþjálfunar hér á landi fram til ársins 1997 þegar námsbraut í iðjuþjálfun varð að veruleika.

Kristjana hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Iðjuþjálfafélag Íslands. Hún sat í kjaranefnd félagsins um tíma, trygginganefnd sem barðist fyrir því þjónusta iðjuþjálfra yrði greidd af almannatryggingakerfinu, skólanefnd, iðorðanefnd, var um árabil fulltrúi IPÍ í Evrópuráði iðjuþjálfra auk þess að sitja í stjórn félagsins og vera varaformaður þess um tíma.

Það gleður okkur að útnefna Kristjönu sem heiðursféлага og við erum þakklát fyrir framlag hennar til þróunar iðjuþjálfunarfagsins á Íslandi. Brennandi áhugi og ástríða fyrir iðjuþjálfun, starfsendurhæfingu og notkun iðjumiðaðra matstækja einkennir Kristjönu og öll hennar verk nú sem fyrr og við í stjórn IPÍ segjum stórt TAKK!